

## **Fundargerðir 2022 - 2023**

Fundur 1.

24. nóvember 2022

Umræðupunktur;

1. Skóladagatalið 2022 – 2023
2. Breyting á föndurdegi – færa hann að ósk foreldra fram um einn dag, fimmtudaginn 1. des í stað föstudagsins 2. Des. Allir tóku vel í þá tillögu og hún var samþykkt.
3. Foreldrafélagið – hvernig er staðan á því. Hvað er hægt að gera til að auka þátttöku foreldra í foreldrafélaginu? Eftir nokkur ár í covid tekur tíma að koma félagsstarfi og þátttöku í gang. Einu sinni voru tengiforeldrar fyrir hvern árgang en það er ekki talin ástæða til að hafa þá í dag þar sem mikið er um að vera hjá nemendum í félagsstarfi og þörfin eða áhuginn ekki eins og áður var varðandi félagsstarf á vegum skólans.
4. Innra mat og umbótaáætlun kynnt og yfirfarið.
5. Ytra mat og umbótaáætlun kynnt og yfirfarið. Fórum yfir þá liði í umbótaáætlun er varða skólaráð og foreldrasamstarf.
6. Ákveðið var að hafa morgunverðarfund föstudaginn 3. febrúar 2023 þar sem foreldrum og nemendum er boðið í morgunverð á milli 8.00 – 9.00 til skrafs og ráðagerðar um það hvernig og hvað við viljum gera til að efla samskipti okkar allra?

Fleira ekki bókað, Anna Birna Einarsdóttir

Fundur 2.

Morgunverðarfundur á vegum skólaráðs 15. 02 2023 - Morgunverðarfundur á vegum skólaráðs

Skólaráð boðaði til morgunverðarfundar þar sem foreldrum var boðið uppá hafragraut, brauð og kaffi. Á fundinum voru umræðupunktur sem skólaráð mun nota til áframhaldandi vinnu í innleiðingarferli skólans sem stofnunar innan sveitafélags sem er að innleiða barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Spurningablöðin voru með spurningum á borð við hvernig geta heimilin styrkt samskipti, líðan og aðstæður barna í sveitafélaginu skv. greinum Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna?